



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	4.fundur stjórnar KLÍ 2016-2017
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	8.september 2016 kl 18:00
Pátttakendur:	Ásgrímur Helgi Einarsson (ÁHE) Formaður Bjarni Páll Jakobsson (BPJ) Varaformaður Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir(SUV) Gjaldkeri Svanhildur Ólafsdóttir(SÓ) Meðstjórnandi Valgeir Guðbjartsson (VG) 2 Varamaður
Boðuð forföll:	Björgvin Helgi Valdimarsson (BHV) Varamaður Hafþór Harðarson (HH) Ritari
Fjarverandi:	Stefán Claessen (SC) 3 Varamaður
Fundarritari:	SÓ

Dagskrá fundar

1. Staðfesting fundagerðar síðasta fundar
2. Dagskrá vetrarins
3. Tillaga að olíuburði fyrir komandi vetur
4. Starfsmannamál
5. Umsóknir styrkja frá ÍSÍ
6. Önnur mál

Staðfesting fundagerðar síðasta fundar

Síðasta fundargerð samþykkt.

Dagskrá vetrarins

Komin á netið og verið er að leiðrétta villur.

Tillaga að olíuburði fyrir komandi vetur

Tillaga komin frá tækninefnd um 2 olíuburði og að heimalið hafi val um olíuburð sem notaður er í heimaleik. Olíuburður er samþykktur og tækninefnd fær næstu viku til að móta hugmyndina um valið betur ásamt mótanefnd og starfsmanni KLÍ.

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Tækninefndin fær fyrirspurn frá stjórn KLÍ varðandi framkvæmd á fyrirkomulaginu sem ætlunin er að setja upp og varðandi mælingu á olíu, úttekt á keilum og brautum í keilusölum.

Starfsmannamál

Búið er að ganga frá samningi við Theodóru og hún byrjuð að starfa. Samningur við Þórarinn í bið, hann er að vinna út uppsagnarfrest. Þarf að ganga frá samningi fyrir mánaðarmót sept/okt. 2016. Theodóra er byrjuð að skoða umsjónaraðila vegna landsliðanna.

Umsóknir styrkja frá ÍSÍ

Theodóra er byrjuð að vinna í umsóknum fyrir styrki frá ÍSÍ.

Önnur mál

Keilusambandinu barst bréf frá ÍBR þar sem kom fram að áskorun frá KLÍ varðandi aðstöðu fyrir keiluna var tekin fyrir og erindinu vísað til vinnuhóps um mannvirkjamál. Bréf frá formanni ÍR tekið fyrir og verður svarað.

Fundi slitið kl. 19:30